



Kynning á sýningarverkefninu Nr 4 Umhverfing 2022

Meginmarkmið sýningarinnar Nr 4 Umhverfing eru tvö. Annars vegar að færa nútímamyndlist nær almenningi með því að setja upp listaverk í tengslum við aðra menningarstarfsemi á svæðinu en einnig í óhefðbundnu sýningarrými. Hins vegar að stofna til samstarfs milli listamanna úr borginni eða annarsstaðar frá og listamanna sem búa í eða tengjast byggðarlaginu og heima- og ráðamanna á staðnum. Sýningarstaðirnir verða margir og margvíslegir. Sýningin dreifist víðsvegar um Vestfirði, Strandir og Dali en verður þó aðallega í þéttbýliskjörnunum.

Nánari lýsing:

Umhverfing

er nafn á sýningaröð sem fer á milli staða á landinu og hófst á Sauðárkróki í júní 2017 og nefndist þá NR.1 Umhverfing. Sýnt var á Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Bókasafninu og Héraðsskjalasafninu. Þátttakendur voru 15 og tengdust allir á ýmsan hátt Skagafirðinum. Sýningunum er allaf ætlað að styrkja samstarf á milli annars vegar aðkominna myndlistarmanna sem eiga ættir að rekja, tengjast viðkomandi stað t.d. með fyrrum búsetu þar eða vera fæddir í héraðinu og hinsvegar þeirra myndlistarmanna sem búa á staðnum. Sýningarröðinni er ætlað að efla jafnræði í menningar aðgengi landsmanna, það eru mannréttindi að allir hafi aðgang að nútímalist í nær umhverfi sínu.

Eitt af meginmarkmiðum verkefnisins er að færa listina inn í óhefðbundin sýningarrými og skapa umræðu um tilgang lífs og lista. Teflt verður saman ólíkum listamönnum sem vinna í mismunandi efni, og fást við fjölbreytileg viðfangsefni. Flest verk sem áður hafa verið á sýningunum Nr 1 og Nr 2 og Nr.3 Umhverfing hafa verið ný verk, en þó eru undantekningar frá því. Við höfum oft boðið sérstökum gestum, stundum erlendum listamönnum, að taka þátt og einnig hafa verk eftir þjóðþekktu látna myndlistamenn sem sérstaklega tengjast landshlutanum verið sýnd.

Sýningin Nr 2 Umhverfing var haldin á Egilsstöðum og Eiðapínghá, þar tóku 37 myndlistarmenn þátt.

Á sýningunni Nr.3 Umhverfing sem haldin var á Snæfellsnesi 2019 voru þátttakendur 71 talsins og allir tengdust þeir Snæfellsnesi á einn eða annan hátt.

Sýnt var víðsvegar um allt Snæfellsnes og fékk sýningin einstaklega góðar undirtektir og þótti vera mjög góð viðbót sem ferðaglaðningur fyrir þá sem heimsóttu Snæfellsnesið það árið.

Nú höfum við þanið vængina verulega á nýjan leik og ætlum okkur að setja upp fjölmennustu samsýningu sem haldin hefur verið á Íslandi nokkru sinni, úti og inni. Komnir eru 120 myndlistarmenn á þátttökulistann og eiga þeir nær allir rætur að rekja til Vestfjarða, Stranda eða í Dalina.

Sýnt verður á öllum helstu þéttbýliskjörnum á þessum slóðum.

Ráðgert er að Nr.4 Umhverfing verði opin frá miðjum júní fram til 1. september, meðal annars þannig að hægt sé að bjóða nemendum af þessu landsvæði að skoða sýninguna og fá leiðsögn um höfundana og verk þeirra. Gefin verður út fjórða kynningarbókin, prentað leiðarkort og plakat um sýninguna, auk þess verður gert google staðsetningarkort. Leitað verður til, eins og áður hefur verið gert á fyrri sýningum Umhverfingar, prentsmiðja sem fyrirfinnast á svæðinu.

Á Snæfellsnesi var t.d. prentað í Ólafsvík.

Við teljum að það sé fengur fyrir íbúa og ferðapjónustuna á þessum slóðum, Dölum Vestfjörðum og Ströndum að fá til sín myndlistarsýningu af þessari stærðargráðu og gaman fyrir listamenn, aðkomna og heimamenn, að kynnast. Áhugavert er líka fyrir þátttakendur sýningarinnar að fá sameiginlegt tækifæri til að sýna íbúum og ferðafólki landshlutans og ferðafólki hvað þeir hafa verið er að gera í myndlist og síðast en ekki síst gaman fyrir okkur sem að sýningunum stöndum að fá tækifæri til að vinna með ráðamönnum, sveitastjórnar og safnafólki héraðanna.

Upphafsmenn sýningarraðarinnar eru myndlistarmennirnir Anna Eyjólfsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir, Ragnildur Stefánsdóttir og vinnum við undir heitinu Akademía Skynjunarinnar.

Myndlistarmaðurinn Rúrí, Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur og Pari Stave sýningarstjóri hjá Metropolitan safninu í New York eru sérstakir ráðgjafar Akademiunnar og þar á meðal þessarar sýningarraðar.

Netföng okkar eru : Anna Eyjólf. aejjo@hotmail.com sími 8917148

Ragnildur Stefánsdóttir raggafow@simnet.is sími 8978246

Þórdís Alda Sigurðardóttir toa@dalur.is sími 8202688

og netföng Akademiunnar : Nr4umhverfing@gmail.com academyofthesenses@gmail.com .

Netfang : Nr4umhverfing@gmail.com